

Nd.

402. Nefndarálit

[100. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur ekki aðeins rætt ýtarlega frv. þetta um fjölgun prófessorsembættanna við Háskóla Íslands, heldur og fjallað um stöðu skólans almennt og framtíð hans. Mættu þeir Gylfi Þ. Gíslason, menntamálaráðherra, og Ármann Snævarr, rektor háskólans, á fundum nefndarinnar og tóku þátt í þeim umræðum.

Í umræðum þessum kom fram mikill áhugi nefndarmanna á að efla Háskóla Íslands, bæta aðstöðu hans og kennsluhætti og efla vísindastarf innan hans. Sérstaklega var tekið undir þá skoðun, sem menntamálaráðherra lét í ljós í framsögu fyrir frv., að háskólinn ætti að vera miðstöð íslenzkra fræða, innanlands og utan, og væri sérstök ástæða til að hlúa að þeirri deild hans.

Í þessu sambandi varð nefndin sammála um að leggja til eina breytingu á frv., þá, að fjölgað skyldi um eitt prófessorsembætti til viðbótar í íslenzkum fræðum. Er það hugmynd nefndarmanna, að hinn nýi prófessor eigi að kenna íslenska nútímasögu og eigi sú kennsla ásamt þeim rannsóknnum, er henni fylgja, jafnan að ná fram undir líðandi stund. Aukin áherzla á samtímasögu á að gera hverri kynslóð kleift að læra af hinum næstu, sem á undan fóru.

Niðurstaða nefndarinnar er, að hún mælir með frv. með eftirtalinni

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „í heimspekideild 12“ komi: í heimspekideild 13.

Alþingi, 29. marz 1966.

Benedikt Gröndal, Gunnar Gíslason, Axel Jónsson, Björn Fr. Björnsson.
form., frsm. fundaskr.

Sigurvin Einarsson, Einar Olgeirsson, Guðl. Gíslason.